

MÓTUNARÁRIN Í LIST ÁSMUNDAR SVEINSSONAR
ÁSMUNDUR SVEINSSON – THE FORMATIVE YEARS

MÓTUNARÁRIN Í LIST ÁSMUNDAR SVEINSSONAR
ÁSMUNDUR SVEINSSON – THE FORMATIVE YEARS

Ásmundur Sveinsson var einn af frumkvöðlum íslenskrar höggmyndalistar. Hann ólst upp til 22 ára aldurs á Kolsstöðum í Döldum og víst er að það umhverfi hafði varanleg áhrif á formskynjun hans og listsköpun. Á þessari sýningu kynnumst við meðal annars verkum frá námsárum Ásmundar, og eru sum þeirra nú sýnd í fyrsta sinn. Hér eru verk frá árunum þegar hann stundaði tréskurðarnám hjá Ríkarði Jónssyni í Reykjavík, og einnig verk frá námsárum hans í Kaumannahöfn, Stokkhólmi og París.

Vissulega er langur vegur frá þessum byrjendaverkum Ásmundar til hinna stórbrotnu meistara-verka hans, Tröllkonunnar og Sonatorreks til dæmis, eða abstraktverkanna enn síðar. Verk tréskurðar- og höggmyndanemans Ásmundar Sveinssonar gefa hins vegar ýmsar vísbendingar og auka skilning á síðari listsköpun Ásmundar, og ófá þeirra eiga sér með fullum rétti sjálfstæðan sess í íslenskri listasögu.

Stjórn Ásmundarsafns er heiður að því að bjóða gesti velkomna á þessa sýningu að kynna sér þroskaskeið eins helsta listamanns okkar á 20. öld.

Ásmundur Sveinsson was one of the pioneers of Icelandic sculpture. Until the age of twenty-two he lived on a remote farm in the west, in an environment which certainly had a permanent influence on his perception of forms and his creative work. Some of the works at this exhibition, from Sveinsson's student years, are now being shown in public for the first time ever. The exhibition includes works from the time when he was learning woodcarving with Ríkhardur Jónsson in Reykjavík, and also from his student years in Copenhagen, Stockholm and Paris.

Ásmundur Sveinsson certainly progressed a long way from his early works to his masterpieces such as Trollwoman and Lament for His Sons, or to his abstract works even later. Nonetheless, the works that Ásmundur Sveinsson produced as a woodcarving and sculpture student point the way to and enhance our understanding of the sculptures of his mature period, and some of them fully deserve a place of their own in Icelandic art history.

It is an honour for the Board of the Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum to welcome visitors to this exhibition, to discover the phase in which one of Iceland's leading twentieth-century artists developed.

Formaður stjórnar Ásmundarsafns / Chair, the board of The Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum: *Guðrún Jónsdóttir*

Sýningstarjóri / Curator: Gunnar B. Kvaran

Mótunarárin í list Ásmundar Sveinssonar

Ásmundur Sveinsson fæddist 20. maí árið 1893 á Kolsstöðum í Miðdolum í Dalasýslu. Foreldrar hans voru hjónin Sveinn Finnsson bóndi og Helga Eysteinsdóttir. Ásmundur ólst upp á Kolsstöðum til 22 ára aldurs og kynntist ungarstriti sveitalífsins langt fjarri slóðum heimslistarinnar. Bærinn Kolsstaðir stóð ásamt nokkrum öðrum bæjum í Miðdolum í Dalasýslu. Þar í hreppnum voru 333 íbúar árið 1915.¹ Næsti kaupstaður var Búðardalur, þar sem bændur seldu fé og afurðir og keyptu matvæli, en úti á Sandi var verslað með harðfisk. Samanborið við mörg önnur svæði á landinu á þessum tíma var þetta blómleg byggð en þegar hugað er að tengslum við Reykjavík, að ekki sé talað um Kaupmannahöfn, verða Miðdalir að teljast afskekkt sveit, sérstaklega þegar haft er í huga að símstöð var ekki opnuð í Búðardal fyrr en árið 1912 og pósthús árið 1918. Í hugum fólksins á Kolsstöðum var Reykjavík fjarlæg og útlönd í raun óþekktar lendur. En systkini Ásmundar minnast lítt á þessa einangrun og virðast lítið hafa liðið fyrir hana. Þau tala þeim mun meira um langan vinnudag við skepuhirðingu,

Ásmundur Sveinsson – the formative years

Ásmundur Sveinsson was born on May 20, 1893 at Kolsstadir, a farm in the district of Dalasýsla, west Iceland. He lived there until the age of 22, and at an early age became acquainted with the toil of rural life, far from the realm of world art. Together with a few other farms, Kolsstadir was located in the valley of Midfjördur, surrounded by high mountains. In all, 333 souls inhabited this district. in 1915¹ The nearest villages were Búðardalur, where the farmers from Midfjördur sold their sheep and bought provisions, and Sandur, where dried fish was traded. Compared with many other parts of Iceland at the time it was a flourishing district, but in terms of its connection with Reykjavík, to say nothing of Copenhagen, this was an isolated community, especially bearing in mind that in Búðardalur, the telephone exchange did not open until 1912 nor the post office until 1918. From Kolsstadir, Iceland's capital Reykjavík was a distant place, and other countries were to all intents and purposes terra incognita. Ásmundur Sveinsson's brothers and sisters make little reference to this isolation and do not seem to have suffered by it.

heyannir, uppskeru, smíðar og matvælagerð, en fólkid á Kolsstöðum var sjálfa sér nægt um flesta hluti.

Í þessum harðbýla heimi var lítil rækt lögð við bóknám. Frá tíu ára aldri gekk Ásmundur í skóla sveitarinnar nokkrar vikur í senn. Nemendur voru alls sex og nutu þeir tilsgnar í grunnsögum; lestri, skrift, reikningi og kristinfræðum. Hinn raunverulegi skóli var lífsins skóli með öllum sínum tilvísunum í Íslendingasögur og þjóðsögur og ýmiss konar þjóðtrú.

Á æskuheimili Ásmundar var mikið um alls kyns bókmenntir. Á vetrarkvöldum þegar fólkid sat við og prjónaði, saumaði út eða dundaði við smíðar var oft lesið úr Íslendingasögum, konungasögum eða þjóðsögum, og einnig lesnar sögur eftir yngri höfunda á bordi við Jón Thoroddsen og Jón Trausta. Þá bárust enn fremur að Kolsstöðum tímarit, meðal annars Andvari, Unga Ísland og Tíminn eftir að hann hóf göngu sína.

Ein bók mun hafa vakið sérstaka athygli Ásmundar á þessum árum. Það var bókin „Hvers vegna? Vegna þess“ eftir Frakkann Henri de Parville (1838–1909) sem Guðmundur Magnússon laeknir hafði þýtt að mestu úr dönsku. Í þessari bók er að finna svör við ótalvisindalegum spurningum og fjölda skýringarmynda.

Fyrir utan hinn hefðbundna bóklestur var mikið um alls kyns munnmælasögur af útilegu-mönnum, galdramönnum, tröllum og dvergum, álfum og draugum. Má með sanni segja að þar hafi mæst kaldur veruleikinn og ímyndun sveitamannsins sem magnaðist við hverja nýja frásögn. Eftir því sem systkin hans segja kunni Ásmundur fjölda sagna og ævintýra og þótti gaeddur óvenjumikill frásagnargáfu, — hæfileika sem gerði hann nokkuð frábrugðinn öðrum innan fjölskyldunnar.

Bókmenntirnar skipuðu veglegan sess í þessari afskekktu byggð, en myndin var fágætt fyrirbrigði. Listin með stóru L-i var viðs fjarri, og málverk og höggmyndir sem sjálfstæð lista-verk voru nánast óþekkt fyrirbæri.² Í raun var myndneyslan af svo skornum skammti að Ásmundur minntist af því tagi einvörðungu fáeinna mynda sem skreyttu blöð, almanök og

However, they make all the more mention of the long working day there, tending the animals, making hay, cropping, carpentry and making food. Kolsstadir was self-sufficient in most respects.

This harsh world offered little scope for cultivating academic study. From the age of ten, Sveinsson attended the district school for a few weeks at a time. There were six pupils in all, and they received instruction in basic subjects such as reading, writing, arithmetic and scripture. But the real school there was the school of life with all its references to the Sagas, folktales and all manner of superstition.

Literature of many kinds was in abundance at Sveinsson's childhood home. During the winter evenings, when the people on the farm sat around knitting, embroidering or tinkering at carpentry, someone would read aloud from the Icelandic Family Sagas, the Sagas of the Kings of Norway or folktales. Works by more recent novelists such as Jón Thoroddsen and Jón Trausti were also read there. Periodicals also found their way to Kolsstadir.

It is known that one book particularly captivated Sveinsson's interest at this time and he read repeatedly: "Why? Because" by the Frenchman Henri de Parville (1838-1909), which had been translated by Guðmundur Magnússon, largely from a Danish version. The book contains the answers to countless scientific questions, as well as a wealth of explanatory illustrations.

In addition to traditional readings from books, all manner of tales were in circulation about outlaws, sorcerers, trolls, saints, elves and ghosts. It is true to say that such tales were a meeting place between cold reality and the imagination of rural people which grew more intense with every new story. According to Sveinsson's brothers and sisters, he knew a great number of stories and fairytales and was considered to have an exceptional talent for storytelling – a gift that distinguished him from other members of his family.

While literature was held in high regard in this otherwise isolated community, visual images were rare. Art with a capital A was something remote, and paintings and sculptures as indepen-



Heimilisfólkid á Kolsstöðum árið 1924. Ljósmt. Ásmundur Sveinsson. / The family at Kolsstadir in 1924.
Photograph by Ásmundur Sveinsson.



Kolsstaðir árið 1924. Ljósmt. Ásmundur Sveinsson / Kolsstadir in 1924. Photograph by Ásmundur Sveinsson

súkkulaðipakka sem bárust á heimilið, auk hefðbundina skreytinga á ýmsum húsbúnaði.³

Það var í þessari nánast myndlausu veröld (sem þó var hlaðin bókmenntalegri hug-myndun) sem Ásmundur Sveinsson var alinn upp fram til 22 ára aldurs, í umhverfi þar sem hversdagsleikinn rímaði við frumþarfir sveitalifsins og óendenlega baráttu mannsins við að vinna sér lífsskilyrði í náttúrunni. Í samfélagi þar sem „skapað“ var eftir hefðbundnum fyrirmynnum sem gengið höfðu mann fram af manni.⁴

Það er því engin furða að menn undrist að einn góðan veðurdag skyldi þessi ungi sveitapiltur hafa viljað — og umfram allt getað — slitið sig frá æskuheimilinu og þessari lokaðu veröld og lagt út í heim í listnám. Það er því eðlilegt að spurt sé hvaða hvatir og áreiti hafi gert að verkum að Ásmundur ákvað að verða myndhöggvari.

Myndhöggvari — köllunarverk

Sú ákvörðun Ásmundar að verða myndhöggvari hefur eflaust ekki verið nein stundarhugljómun. Hún virðist hafa verið tekin fremur seint eftir talsverðar efasemdir og að vandlega yfirveguðu ráði. En það skiptir höfuðmáli í þessu sambandi að Ásmundur var viss um að hann yrði aldrei dugmikill bóni. Því til árétingar gefur hann meðal annars þá skýringu að hann hafi snemma átt við sjóngalla að stríða: sjónskekkju.

En ég var ekki góður smali ... Ég hafði sjónskekkju og sást yfir kindur og fékk skammir fyrir; þótti óglöggur á skepnur og ekki efnilegur bóni.⁵

Ég þótti dálitið einkennilegur í æsku.
Ég var skussi að smala, sá illa frá mér.
Það bjargaði mér.⁶

Auk þessa er rétt að hafa í huga að Ásmundur var alinn upp á heimili þar sem fagrir gripir voru í hávegum hafðir. Faðir hans var smiður góður og móðir hans þekkt fyrir vandaðan vefnað. Hefur þetta eflaust örvað smekk hans fyrir handavinnu og þá sérstaklega útskurði. Og Ás-

dent artistic phenomena were virtually unheard-of.² In fact, visual art was in such short supply that Sveinsson only recalls a handful of pictures that entered the home, in the form of illustrations in magazines and on calendars and chocolate wrappers, along with traditional ornamentation on various household articles.³

It was in this world which was virtually without images (yet charged with literary conceptualization) that Ásmundur Sveinsson was brought up until the age of 22. In an environment where everyday life struck a chord with the basic necessities of rural life and man's ceaseless battle with the forces of nature around him. In a society where "creative" work was based on traditional models that had been handed down from one generation to the next.⁴

Given this background, it is quite astonishing that this young country lad should suddenly want – and more to the point, manage – to tear himself away from his childhood home and its closed world, and set off to study art in the big, wide world. And it is natural to want to inquire into the urges and stimuli that led Sveinsson to decide to become a sculptor.

The vocation of sculpture

Ásmundur Sveinsson's decision to become a sculptor was undoubtedly not a sudden flash of inspiration. It seems to have been made at a fairly late stage, after considerable doubt and careful judgement. The crucial point in this respect is that Sveinsson was convinced he would never turn out to be a good farmer. He justified this claim by explaining that, among other things, he had suffered from a sight defect from an early age.

"But I was not good at tending the sheep ... I had a sight defect and did not notice the sheep sometimes, and was told off for it; I was considered to have a poor eye for animals and was not thought to be a promising farmer."⁵

mundur dundaði við smiðar og bjó til af einlægri kostgæfni ýmsa hagnýta hluti úr tré og málmi.

En ég hafði gaman af að smiða eins og bræður mínir. Við smiðuðum rokka, svipur og amboð ...⁷

Meðal þess sem Ásmundur bjó til var líkan af brú (1910–12), reiðhjól, líkan af báti, um 20 cm langt, litla kenu, um 1 m langa (1913–14) og tafl: bord og menn sem færðir voru til með segulstáli undir gleri. Í þessum smiðum létt Ásmundur sér ekki nægja að draga fram grunnadrættina heldur lagði hann sig fram við að skera út af miklum hagleik útflúr að forskrift feðranna. Það kom einnig fyrir að Ásmundur ýtti til hliðar öllu hagnýti og naut þess að móta með öllum tiltækum ráðum og efnunum í þrívidd fyrirbæri sem hann hafði í flestum tilfellum séð myndir (skematiskar teikningar) af í blöðum. Ásmundur minntist þess að hafa mótað í æsku átta figúratifar höggmyndir.⁸ Tvær þeirra eru glataðar en Ásmundur sagðist hafa gert þær um það bil tju ára, aðra af víkingi úr tré og hina af konu úr tré eða steypu. Þær sem varðveisist hafa eru víkingurinn *Fridþjófur frækni* (tré, 1913–14), tveir fuglar, fálki og álft (tré, 1913–14), höggmyndin *Fjallkonan* sem sýnir Jón Sigurðsson rísa úr fjallinu og rétta fjallkonunni frelsisfánann (steypa, 1910–15), andlit hoggð i klett ekki langt frá æskuheimilinu (1916–17), og *Yfirsetukona með hund* (leir, 1918–19). Öll þessi verk sýna svo ekki verður um villst þokkalegt handbragð og talsverða hæfileika til að líkja eftir, þótt hlutföll séu ekki í fullkomnu samræmi við fyrirmynndirnar. Þessa löngun eða áráttu til að búa til þríviddarhluti áréttarí Ásmundur gjarnan með lítilli sögu sem hann hafði gaman af að segja:

Þegar ég var drengur átti eitt sinn að taka mynd af okkur. Móðir mínn sagði mér þetta, þegar við vorum úti við kvíar. En ég vildi enga mynd af mér á pappír: „Ég vil fá mynd af mér sem er eins og glerstrákurinn minn,” sagði ég.⁹

“I was considered slightly strange in my youth. I was useless at tending the sheep, I was short-sighted. That saved me.”⁶

Along with Sveinsson's conviction that he was not cut out to be a farmer, we should bear in mind that he was brought up in a home where beautiful objects were exalted. His father was an accomplished carpenter and his mother was known for her intricate tapestry work. This undoubtedly stimulated his taste for handicraft, in particular carving. Like his brothers, Sveinsson tried his hand at carpentry and produced various practical artefacts with genuine devotion.

“I enjoyed woodwork, just like my brothers. We made looms, whips and rakes.”⁷

Sveinsson's works in wood include a model bridge from 1910–12, a bicycle, a model boat about 20 cm in length and a little sailing boat measuring about 1 m, from 1913–14, and a chess set: a board and pieces which were moved by a magnet under glass. In his woodwork, Sveinsson did not confine himself to producing the basic outlines, but strove to carve skilfully in the manner of his forebears. What is more, he sometimes swept aside all the practical features of these articles and, using all the methods and materials at his disposal, took a delight in modelling three-dimensional phenomena which in most cases he knew from schematic diagrams in magazines. He recalls having made eight figurative sculptures in his childhood.⁸ Two are now lost, which Sveinsson said he made at the age of around ten: a wooden Viking and a figure of a woman modelled either in wood or in plaster. The preserved sculptures are the Viking *Fridthjófur the Valiant* (wood, 1913–14); two birds – a falcon and a swan (wood, 1913–14); a sculpture named *The Maid of the Mountains*, showing Jón Sigurðsson, the leader of the nineteenth-century independence movement, handing the flag of freedom to the Maid of the Mountains, i.e. Iceland (plaster, 1910–1915); a face carved in a cliff (1916–17) not far from his

Til er önnur útgáfa af þessari sögu sem Sigurður Sveinsson, bróðir Ásmundar, sagði höfundi og hljóðar ræðan þar svo: „Ég vil fá mynd af mér eins og andlitið á dúkkunni hennar Ingibjargar.“

Með þessum orðum vildi Ásmundur gefa í skyn að myndhöggyvarasál hafi blundað í honum sem barni. Rétt er að taka allar endurminningar með fyrirvara því það er tilhneiting flestra, sérstaklega listamanna, að endurmets liðna til sjálfum sér í hag og skoða upprunann í ljósi þess sem síðar varð. Því er þó ekki að neita að fjölmargir minnast Ásmundar sem einstæðs persónuleika einkum og sér í lagi vegna sköpunarfáfunnar. En það er nú einmitt svo að þeir sem gæddir eru listamannshæfileikum hafa ávallt vakið hrifingu og stundum öfund vegna þess að því líkir eiginleikar virðast að vissu marki skyldir göldrum og gera þá sem þeim eru gæddir að einstökum furðuverum, samanber það sem Umberto Eco segir um teiknihæfileikann:

... okkur þykir maður sem getur talað á engan hátt gæddur sérstökum eiginleikum, en sá sem kann að teikna virðist aftur á móti „öðruvisi“ en hinir, vegna þess að við sjáum að hann hefur hæfileika til að beita einingum tjáningarkerfis sem ekki er á valdi allra í hópnum. Við viðurkennum sjálfræði hans gagnvart öllum normkerfum, en því líka viðurkenningu veitum við engum þeim sem notar tungumál að undanteknu skáldinu.¹⁰

Og höggmyndalistin virðist vera meira undur en nokkurt annað listform því að hún líkir eftir sköpunarverki guðs og býr úr engu til eittkvæð sem hefur eigið rúmtak og keppir um athygli til jafns við náttúruna. Samkvæmt Bibliunni skapaði guðmanninn með því að móta hann af leiri jarðar og í norrænni goðafræði fundu goðin tré tvö og sköpuðu af þeim Ask og Emblu.¹¹ Hvað sem því líður valdi Ásmundur ekki í fyrstu listamannsbrautina þrátt fyrir bráðþroska mótuunarhæfileika heldur ákvað hann, trú gömlu fyrirheiti, að fara til Reykjavíkur og nema trúskurð, eins og hann lýsir í viðtali við Morgunblaðið árið 1963:

childhood home; and *Shepherdess with a Sheepdog* (clay, 1918-19). There is no question about the fair degree of craftsmanship and considerable imitative talent which these works reveal, even though their proportions are not completely consistent with those of the originals. Sveinsson used to underline his longing or obsession for creating 3-D objects with a favourite anecdote:

“When I was a boy we had to have our picture taken once. My mother told me when we were out at the milking pens. But I didn't want a picture of myself on paper: 'I want of picture of me like my glass figurine,' I said.”⁹

Another version of this story was told to the author of this essay by Sigurdur Sveinsson, the sculptor's brother: “I want a picture of me like the face on Ingibjörg's doll.”

Through this anecdote, Sveinsson wanted to suggest that the sculptor's soul had lain dormant within him since his childhood. However, recollections are best taken with some qualifications, because it is a common tendency, especially among artists, to review time past to one's own advantage and examine one's origins in the light of what one has become. That said, the young Ásmundur Sveinsson is widely remembered as a distinctive personality, above all for his creative gifts. People with artistic talents have invariably inspired admiration and sometimes jealousy because these qualities seem somehow akin to sorcery and elevate them into unique, wondrous beings, cf. Umberto Eco's remarks on artistic talent:

“When someone can speak, he does not appear in any way to have a particular gift. On the other hand, someone who can draw seems 'different' from others, because we see that he has the capacity for articulating the elements of a code which is not at the disposal of the entire group. And we acknowledge his autonomy with respect to the system of norms, which we do not acknowledge towards any user of language except the poet.”¹⁰



Valur, 1913–14. Tré. / Eagle, 1913–14. Wood.



Fridþjófur frækni, 1913–14. Tré. / Fridrhjófur the Valiant, 1913–14. Wood.



Fjallkonan, 1910–15. Steypa. / Maid of the Mountains, 1910–15. Concrete.



Andlit hognið í klett skammt frá Kolsstöðum árið 1916–17. Ljósm. Kristinn Helgason. / Face carved in the cliff near Kolsstadir, 1916–17.

.... en af því ég þótti rati við skepnur langaði mig suður til Reykjavíkur að læra tréskurð, en þorði ekki að færa það í tal við föður minn, því hann trúði eldheit á jörðina og moldina og fannst fátt til um annað en landbúnað. Ég snéri mér því til móður minnar og sagði henni þennan draum. Hún talaði við föður minn. Ég var viðstaddir og heldur kviðinn. En það var óþarfi, því að hann sagði aðeins: „Það er ef til vill ekki svo vitlaust að drengurinn fari suður og læri eitthvað, því hann getur aldrei orðið dugandi bóndi.“¹²

En nokkru síðar segir Ásmundur:

Mér fór snemma að detta í hug, að ég ætti að læra tréskurð, en þorði ekki að stefna hærra. Ef ég hefði sagt að mig langaði til að verða myndhöggvari, hefði verið hlegið að mér.¹³

And sculpture appears to be a greater marvel than any other art form. It imitates divine creation and produces something from nothing which occupies its own space and competes on equal terms with nature for attention. (In the Bible, God created Adam from clay, and in Nordic mythology, the gods made the first man and first woman from two tree trunks).¹¹ Be this as it may, and despite his precocious talent for modelling, Ásmundur Sveinsson did not initially choose the course of creative art, but decided instead (true to his original plans) to go to Reykjavík and learn woodcarving, as he states in an interview with Morgunbladid newspaper in 1963:

“...because I was considered useless with animals I wanted to go to Reykjavík to learn woodcarving, but did not dare to raise the subject with my father, because he was a passionate believer in the earth and the soil and was not impressed by anything much except agriculture. So I approached my mother and told her that

Pessar tvær mótsagnakenndu yfirlýsingar með nokkurra ára millibili vekja spurningar um upphaflega köllun Ásmundar og af hverju hann valdi fremur handiðnaðarnámið en höggmyndalistina. Í fyrra skiptið er einvörðungu minnst á tréskurðinn og gefur það til kynna að á þeirri stundu hafi Ásmundur ekki hugleitt að verða myndhöggvari. Það er skiljanlegt, þar sem sú listgrein var nýtilkomin á Íslandi, og kristallaðist annars vegar í Bertel Thorvaldsen, sem tengist Íslandi í fóðurætt þótt hann hafi alla tið verið búsettur í Danmörku, og hins vegar í Einar Jónssyni sem var í þann mund að setjast aftur að á Íslandi eftir tuttugu ára útvist. Íslendingar höfðu þó kynnst verkum hans, en að mestu leyti í gegnum blöðin. Einnig er hugsanlegt að Ásmundur hafi í raun ekki gert greinarmun á höggmyndalist og tréskurði, eins og Hallsteinn og Sigurður bræður hans hafa haldið fram; að þetta tvennt hafi runnið saman í þeirri unaðsemð sem Ásmundur lifði þegar hann vann efnid og skóp fagra muni.

Í síðara viðtalini er gefið í skyn að viljinn hafi verið fyrir hendi, en Ásmundur hafi bælt löngun sína niður til að skera sig ekki úr (Ásmundur var í raun hræddur við að maeta braði fóður síns og algeru skilningsleysi gagnvart attvinnu sem álitin var í hæsta máta óvanaleg), en ekki síður af hagsýni. Með því að velja listiðnaðinn tók Ásmundur öryggjíð fram yfir listrænan metnað. Tréskurðarlistin var tengd alþýðuhefðinni allt frá miðoldum og alltaf í hávegum höfð. Hún var stunduð víðast hvar um landið og í byrjun 20. aldar var hún kennd á fleiri en einum stað í Reykjavík. Stefán Eiríksson var vafalítíð þekktasti kennarinn á þessum tíma og það var einmitt hjá honum sem Ásmundur hafði ætlað sér í læri:

Hugmynd míni með þessu ferðalagi var það að reyna að komast til Stefáns Eiríkssonar og fá að læra þar tréskurð.¹⁴

Haustið 1915 þegar Ásmundur var 22 ára ákvað hann að yfirgefa æskustöðvarnar. Þetta var í fyrsta sinn sem hann fór að heiman og lá leiðin til Reykjavíkur að læra tréskurð. En með þessari

dream. She spoke to my father. I was present, and fairly apprehensive. But that was unnecessary, because he only said: 'Perhaps it's not such a stupid idea for the lad to go to the city and learn something, because he'll never make a decent farmer.'¹²

Some time later, however, Sveinsson said:

"It occurred to me at an early age that I ought to learn woodcarving, but I did not dare to set my sights higher. If I had said that I wanted to become a sculptor, I would have been laughed at."¹³

These two contradictory statements, made within a short interval of each other, naturally invite us to questions Sveinsson's original vocation and the factors behind his decision to study a handicraft rather than sculpture. The former citation mentions only woodcarving, which suggests that Sveinsson had not considered the possibility of becoming a sculptor at that time. This was understandable given that this profession had only recently arrived in Iceland and was crystallized almost entirely in Bertil Thorvaldsen, who was Icelandic on his father's side but lived in Denmark all his life, and in Einar Jónsson, who was about to take up residence in Iceland again after twenty years abroad and whose works had largely been made familiar to the public through the Icelandic press. Yet there is another possibility, as Ásmundur Sveinsson's brothers Hallsteinn and Sigurdur have claimed: that he did not in fact make any distinction between sculpture and woodcarving, and that the two merged in the rapture that Sveinsson experienced when he worked in the material and created beautiful objects. The later statement, however, implies that the desire was present but had been repressed for fear of appearing different (Sveinsson was really afraid of inciting his father's wrath and complete incomprehension towards a profession which was considered highly unusual). We can also point to practical considerations. In choosing a craft, Sveinsson opted for security in preference to the

ákvörðun getum við sagt að Ásmundur hafi í raun verið kominn með annan fótinn inn á svíð listarinnar.

Reykjavík i byrjun aldarinnar

Um síðustu aldamót voru miklar hræringar í íslensku þjóðlifi. Íslendingar áttu í sjálfstæðisbaráttu við Dani, samtímis sem þeir reyndu eftir mætti að auka þjóðarframleiðslu og treysta grunninna að íslensku efnahagslifi. Reykjavík óx ör¹⁵ og varð smám saman miðpunktur menningsarlfs og stjórnmála í landinu. Með vaxandi borgarbrag, hagseld og öflugri þjóðernisvitund braust fram aukinn vilji og þörf til listrænnar sköpunar. En því má ekki gleyma að vegna einangrunar landsins og efnahagslegra þrenginga hafði myndast hér á landi nokkurs konar menningslegt tómarúm í einar 5–6 aldir. Frá 14. til 20. aldar er listræn sköpun á Íslandi í algeru lágmarki, ef frá eru talin nokkur bókmenntaverk, — eins konar arfur frá glæsítíma íslenskra bókmennata á 12. og 13. öld.

Fyrstu íslensku listamennirnir sem svöruðu kalli listgyðjunnar og helguðu sig myndlistinni voru myndhögvarinn Einar Jónsson (1874–1954) og listmálararnir Þórarinn B. Þorláksson (1867–1924) og Ásgrímur Jónsson (1876–1950). Dyggilega studdir af alþingi Íslendinga héldu þeir í listnám til Kaupmannahafnar, þar sem þeir öðluðust afar ólíkar hugmyndir um listina og myndmál hennar.

Einar Jónsson kom til Hafnar árið 1893, og var þar við nám hjá norska myndhögvaranum Stephan Sinding næstu two vetur. Hann innritiðist síðan í Konunglegu akademíuna og nam hjá Stein og Bissen. Fram til ársins 1920, þegar hann kom alkominn til Íslands, var hann lengst af búsettur í Kaupmannahöfn, en einnig í Róm, Berlin, London og Bandaríkjum. Ef frá er talið stutt raunsæistímabil í byrjun listferilsins sótti Einar myndefni sín aðallega til íslenskrar þjóðfræði, norrænnar og grísk-rómverskrar goðafræði og til kristinnar trúar og táknafræði. Myndmál listamannsins getur oft verið æði tyrfið þar sem frásögnin gerist iðulega samtímis á

admiration of others. Woodcarving was linked to a popular tradition dating right back to the Middle Ages, which was always held in high regard. It was practised in most parts of the country and at the beginning of the twentieth century was taught at more than one place in Reykjavík. Stefán Eiríksson was undoubtedly the best-known woodcarving teacher at this time, and it was with him that Sveinsson planned to undertake an apprenticeship.

"My idea in making the journey was to try to come into contact with Stefán Eiríksson and learn woodcarving with him."¹⁴

In autumn 1915, when he was 22, Sveinsson decided to leave the place of his birth. This was the first time he had ever been away from home, and he set off for Reykjavík to learn woodcarving. After this decision, Ásmundur Sveinsson can be said to have effectively put one foot in through the door of art.

Reykjavík at the beginning of the century

At the turn of the century, Icelandic society was in a state of great upheaval. The Icelanders were engaged in a campaign for independence from Denmark and striving at the same time to increase national production and put the national economy on a firm basis. Reykjavík grew rapidly¹⁵ and gradually became the cultural and political centre of the country. Increasing cosmopolitanism, prosperity and powerful nationalist sentiment unleashed a great desire and need for creative art. It should not be forgotten, however, that geographical isolation and economic hardship had created a kind of cultural void in Iceland for some five to six centuries. From the 14th to the 20th centuries, creative art in Iceland was at a nadir, apart from a number of literary works which were a kind of legacy from the Golden Age of Icelandic Literature in the twelfth and thirteenth centuries.

mismunandi táknafræðilegum stigum og þarfnaðst því lestrar í öðru veldi. Með nokkurri einföldun má segja að í list Einars birtist hugmyndir um andlega þróun mannsins og túlkun í mörgum tilbrigðum um sigur andans á efninu.

Pórarinn B. Þorláksson kom til Hafnar árið 1895 og var við nám við Konunglegu akademíuna næstu fjögur árin. Pórarinn tileinkaði sér natúralíska myndgerð sem hann kynntist í dönsku málverki og málaði íslenskt landslag sem einkennist af einkar nákvæmri sýn og fáguðu handbragði. Þá var birtan oft sérstakt myndefni í verkum hans.

Ásgrímur Jónsson sigldi til Kaupmannahafnar árið 1897 og var fyrst við teikninám hjá Gustav og Sophus Vermehren, en innritaðist síðan árið 1900 í Akademíu. Málverk Ásgríms tengdist snemma myndgerð póst-impressjónismans, þar sem hann lagði áherslu á litinn og pensilskriftina. Hann málaði einkum landslag en sótti auk þess myndefni í þjóðleg minni.

Pessir þrír ólíku — ef ekki andstæðu — myndlistarmenn höfðu algera sérstöðu í íslensku myndlistarlífi fyrstu tvo áratugi aldarinnar. Fyrstur þeirra til að halda sýningu á verkum sínum var Pórarinn B. Þorláksson. Það var í Reykjavík árið 1900 og var það jafnframt fyrsta myndlistarsýningin á Íslandi ef undan er skilin sýning sem kaupmaðurinn Þorlákur O. Johnson hélt árið 1879 á erlendum eftirprentunum. Þremur árum síðar, árið 1903, sýnir Ásgrímur Jónsson almenningi málverk sín fyrsta sinni.

Pótt Einar Jónsson hafi tekið þátt í sýningu mun síðar hér á Íslandi varð hann þess snemma aðnjótandi að sjá reistar eftir sig sex styttur á opinberum svæðum í Reykjavík. Vakti list hans mikið umtal í reykvisku bæjarlífí á þessum árum, einkum og sér í lagi vegna þess að hann hafði boðið íslenska ríkinu öll verk sín að göf gegn því að reist yrði fyrir þau safnhús. Dróst sú umræða á langinn og stóð allt frá 1909 þegar hugmyndin kom fram til ársins 1914 þegar samþykkt var að reisa Listasafn Einars Jónssonar. Framkvæmdir hófust þó ekki við safnið fyrr en árið 1916, en formlega var það opnað á Jónsmessu árið 1923. Þannig breiddi listin smáman saman úr sér í íslensku þjóðlífí. Málverk þóttu

The first Icelanders to heed the call of the muse and dedicate their lives to art were sculptor Einar Jónsson (1874-1954) and the painters Thórarinn B. Thorláksson (1867-1924) and Ásgrímur Jónsson (1876-1950). Staunchly supported by the Icelandic parliament, they set off to study in Copenhagen where they acquired highly differing ideas about art and pictorial language.

Einar Jónsson went to Copenhagen in 1893 and studied with the Norwegian sculptor Stephen Sinding for the following two years. He then enrolled at the Royal Danish Academy and studied with Sten and Bissen. Until 1920, when he returned to Iceland to settle there for good, he was mainly resident in Copenhagen, but also lived in Rome, Berlin, London and the USA. Apart from a short realist phase early in his career, Einar Jónsson mainly sought his subjects from Icelandic folklore, Nordic and Greco-Roman mythology, and the precepts and symbolism of Christianity. His pictorial language can often be complex, invariably delivering a narrative at various simultaneous symbolic levels which demand a reading of the work on a remote plane of reference. By way of simplification, we can say that Einar Jónsson's art presents notions of the spiritual evolution of man and interpretations in numerous variations of the triumph of spirit over matter.

Thórarinn B. Thorláksson went to Copenhagen in 1895 and spent the following four years studying at the Royal Academy. He adopted the naturalist composition which he had encountered in Danish painting and produced Icelandic landscapes characterized by an exceptionally precise vision and polished technique. Light was often a particular subject of his works.

Finally, Ásgrímur Jónsson went to Copenhagen in 1897 and studied drawing with Gustav and Sophus Vermehren before enrolling at the Academy in 1900. Ásgrímur Jónsson's paintings showed an early link with post-impressionism, as he emphasized colour and brushwork. He painted landscapes in particular, as well as taking subjects from national motifs.

These three very different if not opposing artists occupied a place entirely unto themselves

orðið viðeigandi í híbýlum, opinberar byggingar voru myndskreyttar og styttr reistar á torgum úti. Það var jafnvel farið að tala um myndlist í dagblöðum, fjallað um listsýningar og sagt frá íslenskum listamönnum. Og myndlistin varð merkjanleg í skólaflífinu. Pannig var teiknikennsla tekin upp við Iðnskólann, Kennaraskólann og Menntaskólann. Kennari var meðal annars Þórarinn B. Þorláksson. Þá bauðst nemendum einnig tilsgn i myndlist á vinnustofum nokkurra listamanna. En þrátt fyrir vaxandi myndlistaráhuga var myndlistarkennsla og framboð á myndverkum engan veginn nægileg fyrir unga og metnaðarfulla listamenn og því urðu þeir að fara tímabundið af landi brott í leit að þekkingu.

Í fótspor þeirra listamanna sem hér voru nefndir, og oft að þeirra ráðum, fóru fjölmargir ungir listamenn utan og dvöldust þar langdvöllum. Leið þeirra flestra lá til Danmerkur, en auk þess sóttu þeir nám til Svíþjóðar, Þýskalands, Frakklands og Ítalíu þar sem þeir nutu oft tilsvagnar heimsþékktra meistara. Einn þessara ungu listamanna var Jón Stefánsson (1881–1962) sem af mörgum er álitinn faðir módernismans á Íslandi. Hann nam fyrst í Kaupmannahöfn og síðan í París undir handleiðslu Matisse. Jón sýndi í fyrsta skipti á Íslandi árið 1920. Annar var Kjarval (1885–1972) sem hafði haldið fyrstu sýningu sína á Íslandi árið 1908. Hann var árin 1912–22 lengst af við nám í Kaupmannahöfn, en sneri síðan aftur til Íslands. Það voru því margin listamenn sem lögðu leið sína yfir hafið í leit að þekkingu og reynslu til að byggja upp sinn eigin listpersónuleika, jafnframt því að leggja grunninn að nýrri þjóðlegri list. Allir voru þeir fullir bjartsýni. Allt virtist mögulegt, það var aðeins að halda áfram, stíga skrefið til fulls og gefa sig allan listinni á vald. Á þessum tíma voru Íslendingar að fóta sig sem fullvalda þjóð og listamennirnir höfðu sitt til málanna að leggja. Örlög þeirra virtust óumflýjanlega samofin örlögum þjóðarinnar.

Pegar heim var komið að loknu listnámi settust flestir listamenn að í Reykjavík. Segja má að fyrsti kafli íslenskrar listasögu renni saman við menningarsögu Reykjavíkur sem hýsti flesta

in Icelandic art for the first two decades of this century. The first of them to stage an exhibition was Þórarinn B. Thorláksson, in Reykjavík in 1900, which at the same time was the first art exhibition ever held in Iceland, not counting a show of foreign reproductions set up by the merchant Thorlákur O. Johnson in 1897. Three years after Thorláksson, in 1903, Ásgrímur Jónsson showed his works to the Icelandic public for the first time.

Although Einar Jónsson exhibited in Iceland much later, he had the gratifying experience at an early stage in his career of seeing six of his statues set up in public places in Reykjavík. His art was the talk of the town in Iceland's capital during these years, particularly because of his offer to donate all his works to the state in return for a museum to house them. Discussion of this issue dragged on, from 1909 when the idea was first proposed to 1914 when it was agreed to build the National Einar Jónsson Gallery. Construction did not begin, however, until 1916, and the museum was formally opened in 1925. In this way, art gradually penetrated Iceland life. It was considered suitable to have paintings in houses, public buildings were decorated and statues were erected in squares. Art even began to be covered in the newspapers, which reported exhibitions and carried accounts of Icelandic artists. Moreover, art began to establish its presence within the educational system. Drawing was introduced at the Technical College, College of Education and Reykjavík Secondary Grammar School. Pupils were also offered instruction in art at the studios of certain artists. But despite growing interest in the visual arts, art teaching was very inadequate and art works were in much too short supply to satisfy young and ambitious artists, who had to leave Iceland temporarily in quest of knowledge.

Following in the footsteps of the pioneering artists who were named above, and often acting on their advice, many young artists went abroad for stays of considerable length. Most of them headed for Denmark, although others studied in Sweden, Germany, France and Italy, where they frequently enjoyed instruction from world-famous masters. One of these young artists was



Ásmundur Sveinsson, til vinstrí, í vinnustofu Ríkárðs árið 1919. / Ásmundur Sveinsson (left) at Ríkhardur Jónsson's studio in 1915.

listræna viðburði, og ef viðar er litið alla meiri-háttar menningarviðburði þjóðarinnar. Nokkur leikrit voru sett á svið á 19. öld en leiklistin komst þó ekki á skrið fyrr en með stofnun Leikfélags Reykjavíkur árið 1897. Í tónlistinni gerð-ist litið sem ekkert á fyrri hluta aldarinnar. Fyrstu tónleikar í Reykjavík voru ekki haldnar fyrr en árið 1854. Árið 1862 var fyrsti kórinn stofnaður og árið 1876 var Lúðrasveit Reykjavík-ur sett á laggirnar. Hvað varðar kvíkmyndalistina var það ekki fyrr en árið 1906 að reglu-bundnar sýningar hefjast þótt kvíkmynd hafi fyrst verið sýnd hérlendis árið 1902.

Pessi menningarlega miðstýring eða sam-þjöppun í Reykjavík átti eftir að skerpa andstæð-urnar milli borgarlífsins — opins fyrir erlendum

Jón Stefánsson (1881-1962), widely regarded as the father of Icelandic modernism. He studied in Copenhagen at first, then took lessons with Matisse in Paris. Stefánsson's first exhibition in Iceland was in 1920. Another artist was Kjarval (1885-1972), who had already staged his first exhibition in Iceland in 1908. He spent most of his time as a student in Copenhagen over the years 1912-1922, before returning to Iceland. Many artists crossed the seas in search of knowl-edge and experience in order to develop their own artistic personalities while simultaneously laying the foundation for National Art. They were all full of optimism, everything seemed possible, there was nothing to do but press ahead, go the whole way and surrender completely to the power

tískum og áhrifum — og dreifbýlisins, sem var lokað, innhverft og sjálfu sér nægt um flesta hluti. Það hlýtur því að hafa verið áhrifamikil upplifun og lærðómsrik reynsla fyrir ungan sveitapilt — Ásmundur Sveinsson — að koma til Reykjavíkur og kynnast fjölbreytileik mannlífsins, þótt það hafi ekki verið stórbrotið í alþjóðlegu samhengi. En ekki má gleyma því að á þessum tíma voru fávisminn, kúbisminn, fúturisminn og abstraktlistin að ryðja sér til rúms úti í hinum stóra heimi.

Tréskurðarnám 1915–19

Pegar Ásmundur Sveinsson kom í fyrsta sinn til Reykjavíkur 22. október árið 1915, í fylgd séra Jóhannesar frá Kvennabrekku, fór hann rakleidis til Stefáns Eiríkssonar tréskera (1862–1924) til að innrita sig í skóla hans. En Stefán varð að vísa honum frá sökum þess að ekki var rúm fyrir fleiri nemendur. Var það þá fyrir tilviljun að Ásmundur og séra Jóhannes hittu Bjarna frá Vogi á götu úti. Ráðlagði hann þeim að leita til annars meistara og fylgdi þeim til Ríkarðs Jónssonar (1888–1977). Ríkarður var þá nýkominn frá námi í tréskurði í Danmörku og fékkst að auki við höggmyndalist. Tók hann þeim vel og félst á að taka Ásmundur í læri í tréskurði.

Ásmundur Sveinsson vann og lærði í fjögur ár á vinnustofu Ríkarðs Jónssonar, í átta og hálfan mánuð á ári í senn. Hann fékk takmörkuð tækifæri til að módelera, eða móta, eða því næst sem 6–7 vikur á ári. Mótaði hann þá rósir, hendur og vangamyndir, meðal annars af Bjarna frá Vogi og Steingrími Thorsteinssyni. En þótt hann hafi ekki lagt verulega stund á höggmyndalistina lærði hann frumatriði í dráttlist og hefðbundin handbrögð í tréskurði. Smiðaði hann blaðahnífa, pennastöng og öskjur, og skar að auki út skraut á skápa og stólbök í hefðbundnum íslenskum stíl, samruna geómetrískra forma, á bord við fléttur og rúnir, og mismundandi stílfærðra mynda úr hverdagssífinu. Besta dæmið um tréskurð Ásmundar er vafalítíð stóll sem hann skar út vorið 1919 sem lokaprófsverkfni. Á stólbakinu er útskorin mynd af manni og

of art. Iceland was on the path to independence at this time and artists had a contribution to make as well. Their fate seemed inextricably entwined with the fate of the Icelandic nation.

On returning home at the end of their studies, most artists made their homes in Reykjavík. The opening chapter of Icelandic art history can thereby be said to merge into the cultural history of Reykjavík, which hosts most artistic activity and, in a wider perspective, all major national cultural events. A number of plays were staged in the nineteenth century but drama did not gain momentum until the establishment of the Reykjavík Theatre Company in 1897. In music, virtually nothing happened during the first part of the nineteenth century; the first concert in Reykjavík was not held until 1854. The first choir was founded in 1862 and the Labour Unions' Brass Band in 1876. In cinema, it was not until 1906 that regular screenings began, although the first film was shown in 1902.

The centralization – or concentration – of culture in Reykjavík would later sharpen the contrast between urban life, which was open to foreign fashion and influences, and the closed, introspective and largely self-sufficient rural areas. It must therefore have been an impressive and enlightening experience for the young country lad Ásmundur Sveinsson to go to Reykjavík and discover the diversity of life there, even if this was not on any grand scale in international terms. We should not forget that at this time fauvism, cubism, futurism and abstract art were taking root out in the big wide world.

Woodcarving studies 1915–1919

When Ásmundur Sveinsson arrived in Reykjavík for the first time on October 22, 1915, accompanied by a local clergyman, he went straight to see woodcarver Stefán Eiríksson (1862–1924) to enrol at his school as he had planned. With no vacancies for any more students, Eiríksson had to turn him away, but by chance Sveinsson and the clergyman met the educator and writer Bjarni

hundi framan við sveitabæ auk sláttumanns með orf og ljá og konu með fötu. Neðar á stólnum hefur Ásmundur skorið út mynd af sjómanni sem gáir til veðurs við bátshlið í flæðarmálínu. Fyrir ofan og neðan þessar myndir, sem sýna two meginþætti íslensks þjóðlifs á þessum tíma, er rist með rúnaletri stutt ljóð eftir Ríkard Jónsson um unaðssemadir sveitalífsins. Verkið er listrænt og tæknilega vel útfært og sýnir glögglega áhrif frá meistarana.

explanations which do not necessarily refute the earlier ones and may even corroborate them. In an interview in 1963, Sveinsson says the reason he went to Sweden was that he had been enchanted by a short story by the Finnish author Zacharias Topelius (1818–1898), "The Military Doctor's Tale."²⁶ In a television interview from 1970, moreover, he claims to have chosen Stockholm because he simply wanted to take instruction from the well-known Swedish sculptor Carl Milles.²⁷ Furthermore, there is no doubt that linguistic and cultural kinship contributed to some extent to the Icelander's decision to go to Sweden.

Ásmundur Sveinsson arrived in Stockholm on September 3, 1920, on an Icelandic state grant. On September 29 and 30 he took the entrance examination for the Stockholm



Sæmundur á selnum, 1922. Gifs. Glatað. / Sæmundur on the Seal's Back, 1922. Plaster. Lost.

þá alla góða. Þeir eru svo þægilegir og liprir og upplifsgandi. Það eru víst flestir Svíar. ...

En ég ætla að segja þér það að mér finnst Ríkarður hafa verið lélegur kennari, eða að hann hefur ekki viljað segja mér til að modelera. Við útskurð er hann góður kennari.²⁸

Veturinn 1920–21 var mjög árangursríkur fyrir hinn unga myndhöggvvara. Hann vann vel og

Academy, which involved drawing live models, a male and a female. Despite his lack of experience in such exercises, he passed the examination and began his studies at the Academy on October 1, absolutely enchanted and stimulated by the city's cultural environment. The disciplines that the Academy offered to – or rather demanded of – each pupil were drawing, taught by painter Olle Hjortzberg; anatomy, taught by Knut Kjellberg; and modelling, taught by Carl Milles. All of them were outstanding teachers. Johanny Roosval's lec-

framfarirnar voru stöðugar. Um vorið uppskar hann árangur erfiðisins og náði öllum prófunum. Í júní 1921 byrjaði Ásmundur að móta andlitsmyndir og um sumarið vann hann þjár vikur hjá fyrirtækinu Giljan og Torhann við að höggva myndir í Stein. Þar gerði hann meðal annars *Torso* í klassískum stíl. Annað verk frá sama tíma er *Norðurljós*, súla í fremur barróskum stíl, sem minnir um margt á verk Carls Milles. Í súluna eru mótaðar myndir sem eiga að tákna „íslenska menning fyr og síðar“²⁹ en efst á súlunni var glerkúla sem tákna átti sólinu. Verkini var ætlað að standa úti á torgi.

Veturinn 1921-22 hjó Ásmundur út gosbrunn í marmara. Myndefnið var hafmey, og er það greinilega fengið að láni hjá meistara hans, Milles. Hafmeyjan er samofin fiski og borin uppi af öldu. Höggmyndin, einsteinungur með slétt yfirborð og litla tjáningu, er fremur statísk þrátt fyrir þá hreyfingu sem gefin er í skyn með likama og hári hafmeyjarinnar. Þetta verk getur vart talist frumlegt og er umfram allt skýr vitnisburður um afrikurstur hinnar opinberu listmenntunar.

Eftir þriggja mánaða sumarferð um Þýskaland (Berlín, Dresden og München), þar sem hann heimsótti mörg „góð“ söfn, sneri Ásmundur aftur í listaháskólann að hausti. Frá október og fram í desember skapaði hann fyrstu útgáfuna af *Sæmundi á selnum*, þessum íslenska Fást sem lék á djöfulinn, losaði honum sál sinni gegn því að flytja sig yfir hafið frá Frakklandi til Íslands, og sökkти honum síðan við strönd Íslands með því að slá hann í hausinn með Grallaranum. Verk Ásmundar lýsir því augnablik vel, Sæmundur er á baki djöfulsins sem hefur tekið hamskiptum og er í líki sels, og reiðir til höggs bókina sem átti eftir að frelsa hann. Formrænt minnir myndin með sínum ávölu og mjíku línum á list Milles, en myndbyggingin sjálf markast af tveimur andstæðum kröftum, sem þó mynda samfellda heild. Annars vegar er það form selsins, aflíðandi með mjíkum línum, og hins vegar form Sæmundar sem er hlaðið öflugri hreyfingu og spennikrafti. Þessi andstæðu form eru tengd saman, þannig að afturhreifar selsins mynda einskonar framlengingu á kraftlinu Sæmundar.

tures on art history, held twice a week, were also excellent.

The quality of the teaching in Sweden afforded Sveinsson a comparison with the teaching he had previously received in Reykjavík and Copenhagen. Of all his teachers, he deemed Ríkhardur Jónsson the poorest, but the Danish ones earned little more credit, as can be seen from a letter dated November 18, 1920.

“Since the academy began I have very much enjoyed it here and I prefer Swedes to Danes many times over. I cannot imagine a greater difference between teachers. I have been fortunate enough to have only good ones. They are so easy-going, flexible and stimulating. Most of them are Swedes ... I tell you, I think Ríkhardur was a poor teacher, or reluctant to instruct me in modelling. But he was a good carving teacher.”²⁸

The academic year of 1920-21 proved very productive for the young sculptor. He worked well and made steady progress. In the spring he reaped the benefits by passing all the examinations. In June 1921, Sveinsson began casting portraits and during the summer he spent three weeks working at the Giljan and Torhann company, carving works in stone including a torso in the classical style. Another work from the same time is Northern Lights, a column in a fairly baroque vein which in many respects recalls Carl Milles. Images in the column are meant to represent “ancient and later Icelandic culture.”²⁹ On the top of the column was a glass ball symbolizing the sun; the work was intended to be installed outdoors.

During the academic year 1921-22, Sveinsson carved a fountain in marble. Its subject was a mermaid, clearly borrowed from his mentor, Milles. The mermaid, fused with a fish, is supported by a wave. This smooth and inexpressive monolith is fairly static, despite the suggestions of movement in the mermaid’s hair and body. It hardly deserves to be termed original and is above all a testimony to the products of establishment art.

I desember 1922 veiktist Ásmundur af brjósthimnubólgu og var lagður inn á sjúkrahús. Var hann frá vinnu allt fram í febrúar 1923, en þá skapar hann *Minnismerki um Grettí*. Myndin sýnir dauðastund Grettis. Í framhaldi af því gerir hann drög að veggskreytingu í bókasafnið í Stokkhólmi.

Prátt fyrir styrkinn frá íslenska ríkinu, sem vinur hans Bjarni frá Vogi hafði útvegað honum,³⁰ varð Ásmundur að vinna fyrir sér við tréskurð sumarið 1923 í Stokkhólmi. Veturinn 1923–24 hélt hann áfram námi við Listaháskólan, en vann jafnhliða á tréskurðarverkstæði Torhanns við að skera út altaristöflur.

Voríð 1924 sneri Ásmundur aftur til Íslands ásamt unnustu sinni Gunnfríði Jónsdóttur, sem hann kvæntist 24. júní. Það var Haraldur Niels-son sem gaf þau saman. Þetta sumar voru þau hjónin ýmist á Kolsstöðum hjá foreldum Ásmundar eða á Skúfum í Húnavatnssýslu, foreldrahúsum Gunnfríðar.

I september 1924 fóru þau aftur út til Stokkhólms. Ásmundur hélt áfram listnámi og Gunnfríður fékk vinnu við saumastörf. Næsta sumar vann Ásmundur við tréskurð og myndmótun hjá verktakanum Vadssjö. Ásmundur tók virkan þátt í störfum Íslendingafélagsins. Um voríð vildi hann sýna á Vorsýningunni í Stokkhólmi, en var hafnað vegna þess að hann var útlendingur. Frá þessu ári er verkið *Kossinn*, þar sem hann hverfur meðvitað frá hinni hefðbundnu skólasýn og tekur upp arkaískt myndmál. Hann hafnar akademískum reglum, leggur áherslu á massann og línum, og einfaldar skraut og smáatriði. Verkið er unnið í massann, byggist á lóðréttum og láréttum kröftum og andstæðum milli spennu og hvíldar. Heildin myndar heilan klassískan þríhyrning. Líkamarnir virðast arkaískir, með grísku skrauti, en beygja sig samtímis undir vilja listamannsins og myndbyggingarinnar.

Haustið 1925 tók Ásmundur aftur upp þráðinn við Listaháskólan. Þar fékk hann meðal annars það verkefni að gera tillögu að veggskreytingu á einn af sölum nýju óperunnar í Stokkhólmi. Var þar um að ræða lágmyndir (mynd af dansi og tónlist) þar sem ljóðrænt

After three months' travelling in Germany (Berlin, Dresden and Munich) where he visited many "good" museums, Sveinsson returned to the academy in the autumn. From October to December he created the prototype of *Sæmundur on the Seal's Back*, depicting this Icelandic Faust-figure who outwitted the devil. Sæmundur the Wise promised the devil his soul in return for a passage across the sea from France, then struck him over the head with his Psalter when they reached the shores of Iceland. Sveinsson's work captures well the moment when Sæmundur, sitting on the back of the devil who has changed shape into a seal to transport him across the sea, raises aloft the book which will bring him liberation. Formally, the statue's rounded and soft lines recall Milles. Its actual pictorial construction is based on two opposing forces which nonetheless form a harmonious whole. One is the form of the seal, sloping with soft lines, and the other is the form of Sæmundur, charged with powerful motion and tension. These opposing forms are linked, so that the seal's rear flippers act like an extension to Sæmundur's line of force.

In December 1922, Sveinsson was taken ill with pleurisy and admitted to hospital. This kept him away from work right up until February 1923, when he made *Memorial to Grettir the Strong*, followed by a draft of a mural for the Stockholm library.

Despite receiving an Icelandic state grant³⁰ through the agency of his friend Bjarni from Vogur, Sveinsson had to work as a woodcarver in Stockholm in summer 1923. He continued at the academy during the academic year 1923-1924, working at the same time at the Torhann wood-carving studio, where he carved altarpieces.

In spring 1924, Sveinsson returned to Iceland with his fiancée Gunnfríður Jónsdóttir, and they were married on June 24. The couple divided their summer between staying with his parents at Kolsstadir, or with hers at Skúfar in Húnavatnssýsla, north Iceland.

In September 1924 they went back to Stockholm. He continued his studies and she worked as a seamstress. The following summer, Sveinsson worked on carving and modelling with



Minnismerkí um Grettí, 1923. Gifi. Glatað. /
Memorial to Grettir, 1923. Plaster. Lost.

Líkan að minnismerkí um Grettí, 1923. Glatað. /
Model for Memorial to Grettir, 1923. Lost.





Kossinn, 1924. Gifs. / The Kiss, 1924. Plaster.

myndefnið vísar í list Milles. Samfara þessu verkefni vann hann að uppfinningum líkt og hinni umtöludu þúfnasláttuvél. Sendi hann alþingi teikningar að vélinni og fór fram á styrk til að smiða frumgerð af henni. Ásmundi var synj-að um fjárveitingu, en fékk þess í stað styrk úr dansk-íslenska sjóðnum til að ferðast til Suður-Evrópu.

Námsdvöl Ásmundar í Stokkhólmi var á enda runnin. Carl Milles ráðlagði honum að fara í framhaldsnám til Rómar, en Ásmundur kaus að

the Vadsjö contractors. He played an active part in the work of the Icelandic Society there, and the following spring he tried to be included in the Stockholm spring exhibition, but was turned down on the grounds that he was a foreigner. Dating from this year is the work *The Kiss*, in which he consciously abandons the conventional academic style in favour of an archaic pictorial language which emphasizes mass and the line, rejection of academic rules and simplification of decor and detail. The work, wrought directly into

fara að ráðleggingum skólastjóra Listaháskólans sem hvatti hann eindregið til að fara til Parísar þar sem samtímalistin væri í fullri gerjun.

Eftir að Ásmundur og kona hans höfðu kvatt Carl Milles í Óperukjallaranum, 7. maí 1926, yfirlágu þau Stokkhólmi eftir sex ára dööl. Ásmundur skildi eftir fimm höggmyndir sem hann vonaði, án þess þó að trúá því sökum þjóðernis síns, að kæmust á hina árlegu sýningu listaháskólans.

Kennsla Carls Milles

Carl Milles (1875–1955) er vafalitið einn merkasti myndhöggvari Svífa á fyrra hluta aldarinnar. Árið 1897 tók hann þá ákvörðun að flytjast til Chile, en komst þó ekki lengra en til Parísar þar sem hann dvaldist ein átta ár. Í París kynntist hann franska myndhöggyaranum Rodin og varð hann seinna meir einn ákfasti formældi hans í Svíþjóð. Eftir ársdööl í München (1905–6), þar sem hann uppgötvaði meðal annars form- og arkitektúrkennningar Hildebrands, hvarf Milles aftur til Stokkhólms. Vinnustofa hans þar — seinna safn hans, Millesgarden — varð með sínum glæsilegu veröndum, stéttum og laugum í raun eins konar tilraunagardur fyrir hugmyndir hans um monúmental-höggmyndir og samspil þeirra við húsagerðarlist. Eftir 1929 settist Milles að í Bandaríkjum þar sem varðveitt eru öll helstu verk hans frá síðustu æviárum.

Í fyrstu var Milles undir sterkum áhrifum frá vini sínum Rodin. En smám saman tókst honum að greina sig frá honum, þökk sé skilningi hans á gildi arkitektúrs í höggmyndalistinni. Flest fegurstu verk hans eru gosbrunnar og laugar þar sem figúrur á háum súlum ber við himin eða er stillt upp við vatnsfirborð, en þó ávallt þannig að þær mynda stórbrotna arkitektúrelga heild. Formraent einkennast verk hans meðal annars af þróttmikilli barokkhreyfingu, en auk þess vitnar sundurleitir still hans um áhuga á miðaldalist og arkaískri myndlist.

Carl Milles var einnig mikilvirkur myndlistarkennari, fyrst við Listaháskólann í Stokkhólmi

the material mass, is based on horizontal and vertical forces and the opposition between tension and stasis. As a whole, it forms a classical triangle. The bodies have an archaic appearance, with Greek decor, while subjugated to the dictates of the artist's will and the pictorial construction.

In autumn 1925, Sveinsson resumed his course at the Academy, where his projects included a proposal for a wall decoration for one of the halls of the new Stockholm Opera House. This relief depicted dancing and music, its lyrical subject alluding to Milles' art. At the same time he worked on inventions, such as his much-publicized machine for mowing tufts. His application for a grant to produce a prototype was rejected, but instead he was awarded a travel grant to southern Europe from the Danish-Icelandic Fund.

Sveinsson's studies in Sweden soon came to an end. Professor Carl Milles advised him to go to Rome, but instead he followed the recommendation of the principal of the Academy, who urged him strongly to go to Paris, the hotbed of fermenting contemporary art.

After saying their farewells to Carl Milles at the basement of the Opera House on May 7, 1926, Sveinsson and his wife left Stockholm after six years' stay there. He left behind five sculptures which he hoped would be accepted for the academy's annual exhibition, although because of his nationality he had little faith that they would be.

The teaching of Carl Milles

Carl Milles (1875-1955) is without a doubt one of the most remarkable Swedish sculptors of the first half of this century. In 1897 he had decided to move to Chile, but got no farther than Paris where he stayed for the following eight years. In Paris he met Rodin and later, in Sweden, he became one of his most eager artistic proponents. After spending a year in Munich (1905-1906) where he discovered Hildebrand's forms and architectural drawings, Milles returned to Stockholm. His studio there, which later became

árin 1920–31 og síðar við Cranbrook-foundation í Bandaríkjunum árin 1931–45. Í sex ár, 1920–26, var hann aðalkennari Ásmundar Sveinssonar, sem bar honum einstaklega vel söguna. Raunar má segja að Ásmundur hafi dáð hann alla tíð. Í viðtali árið 1963 í tilefni af 70 ára afmæli Ásmundar dregur hann upp eftirfarandi mynd af lærimeistarannum:

Carl Milles var aðalkennarinn minn.
Hann var mikill listamaður og klassískur í hugsun, sagði: „Kúbisminn var nauðsynlegur. Hann þvoði okkur um augun.“ Milles hafði mikil áhrif á mig. Ég hef aldrei kynnt fróðari manni um myndlist, ekki einu sinni í París. Hann kunni góð skil jafnt á kínverskri, japanskri, egypzkri og klassískri list.³¹

Ásmundi varð tildeitt um þau áhrif sem kennari sinn hefði haft á sig. En við skulum líta nánar á eðli þessara áhrifa. Íslenskir listfræðingar og gagnrýnendur hafa í gegnum tíðina verið nokkuð sammála um að áhrifin hafi verið fyrst og fremst stilfræðileg. Ef við berum saman verk þeirra kemur þó í ljós að verk þeirra eiga í raun lítið sammerkt, hvorki formrænt né að myndefni.

Við fyrstu sýn getum við staldrað við arkáisk einkenni í verkum þeirra. Hár, skegg og fellinguar í klæðum er einfaldað í géometrisk form og við móturn líkamans tekur hvorugur nákvæmt mið af náttúrulegri formgerð. Í figúrum Ásmundar fer aftur á móti lítið fyrir ástriðufullri hreyfingu og ljóðrænu sem einkenna verk meistarams. Þær eru í flestum tilfellum kyrrlátar, stöðugar, lokaðar, og settar saman af miklu jafnvægi. Sameiginleg myndefni eru aðeins höfrungar og hafmeyjar sem finna má í nokkrum verka þeirra. Ásmundur sótti myndefni sín oftast í íslensk þjóðfræði (*Sæmundur á selnum, Grettir*) en Milles tók myndefni sín hins vegar jafnt úr grísk-rómverskri menningarsögu (*Fontaine Europe* og *Fontaine Orphé* frá 1926) og sánskum þjóðarárfi (*Engilbrecht* 1908, *Johannes Rudbeckius* árið 1925).

Aftur á móti hafði kennarinn margvísleg

the Millesgarden museum, with its splendid balconies, pavements and pools, became in effect a sort of experimental park for his ideas of monumental sculpture and their interaction with architecture. After 1929 he settled in the USA, where all the major works from the last years of his life are preserved.

Initially, Milles was under strong influence from his friend Rodin. Gradually, however, he managed to branch away from Rodin, thanks to his understanding of the value of architecture in sculpture. The majority of his most beautiful works are fountains and pools in which figures on high columns project against the sky or are arranged by the surface of water, but always in such a way as to form a profound architectural whole. From a formal point of view, one of the characteristics of his work is their powerful baroque motion, besides which his disjointed style bears witness to his interest in medieval and archaic art.

Furthermore, Carl Milles was an important teacher of art: at first at the Stockholm Academy from 1920–1931, and later at the US Cranbrook Foundation from 1931–1945. For six years, therefore – from 1921–1926 – he was Ásmundur Sveinsson's main teacher. Sveinsson always spoke well of him and was a constant admirer of his. In an interview given in 1963 on the occasion of his seventieth birthday, Sveinsson sketches the following picture of his mentor:

“Carl Milles was my main teacher. He was a great artist and thought in classical terms, saying that ‘Cubism was necessary. It washed our eyes for us.’ Milles exerted a great influence upon me. I have never met a man who was more knowledgeable about the visual arts, not even in Paris. He was equally versed in Chinese, Japanese, Egyptian and classical art.”³¹

Sveinsson often talked of the influence that his teacher exerted. But let us examine the nature of this influence more closely. Icelandic art historians and critics have always broadly agreed that this influence was primarily stylistic. A compari-



Venus á hafinu, 1925. Gifs. / Venus Rising from the Waves, 1925. Plaster.



Líkan af Venus á hafinu í gosbrunni og laug, 1925. Glatað. / Model of Venus Rising from the Waves, in fountain and pool, 1925, Lost.

fræðileg áhrif á nemanda sinn. Milles lagði höfudáherslu á sköpunarþáttinn í listinni og hafnadi algerlega þeim hugmyndum að listin ætti að þjóna raunveruleikanum eða líkja eftir honum. Þessar hugmyndir tileinkaði Ásmundur sér og skýra þær ævilanga fyrirlitningu hans á natúraliskri myndlist. Milles áleit að listin væri annað og meira en hversdagsleg lýsing eða einföld eftirgerð ytri raunveruleika. Hún væri í raun bundin ummyndun listamannsins á raunveruleikanum. Ásmundi skildist því snemma að listræn sköpun væri ekki einvörðungu falin í því að sýna raunveruleikann, heldur væri spurningin ekki síður hvernig ætti að tjá hann. Á þessari stundu varð Ásmundur meðvitaður um tvær formrænar

son of their works, however, reveals that they really have little in the way of common characteristics, either formally or in terms of subject.

Initially we can dwell on the archaic features in their works. The hair, beards and folds of clothing are simplified into geometric forms and neither artist draws heavily on natural formal composition in their anatomical modelling. However, Sveinsson's figures display little of the passionate motion and lyricism that characterize the works of his mentor. In most cases they are static, stable, closed and composed in firm equilibrium. As far as common subjects are concerned, we can only find folklore dolphins and mermaids in a few of their works. More often than not, Sveinsson



Tónagyðjan, 1926. Gifs. / The Muse,
1926. Plaster.



Venus, um 1925. Gifs. / Venus,
ca. 1925. Plaster.



Nafnlaust, um
Untitled, ca. 1918.

víddir listaverksins. Annars vegar er hin dulda og óstjórnanlega formgerð sem tjáir sjálf lista-mannsins, stíllinn:

Skýringar get ég ekki gefið þér á neinu sem ég hefi verið að glíma við. Og ég mun aldrei geta það með orðum. Á höggmyndarvíðinu eru orðin dauð. Ég vildi helst ekki gefa neinu af mínu drasli nafn, því ég get ekkert gert nema mig sjálfan. Það er mitt sálarástand sem kemur fram í efninu. Er þetta háfleygt eða gorgeir? Nei, ég held að sá tylli sér haerra sem velur háfleyg nöfn (og fagrar orðaskýringar) á myndir sínar, en máske

sought his subjects in Icelandic ethnology (*Sæmundur on the Seal's Back*, or *Grettir*), while Milles took his subjects equally from the Greco-Roman tradition (*Fontaine Europe* and *Fountain Orphé* from 1926) and the Swedish heritage (*Engilbrecht*, 1908; *Johannes Rudbeckius*, 1925).

On the other hand, the teacher had a diverse academic influence on his pupil. Milles' main emphasis was on the creative aspect of art, and he was adamantly opposed to the notion that art should serve or imitate reality. Sveinsson adopted these ideas and they explain the disdain which he consistently expressed for naturalist art. Milles regarded art larger than a mundane description or simple reproduction of external reality. Art to him



Gifs. Glatað.
Plaster. Lost.



Nafnlaust, um 1924. Leir. Glatað. / Untitled,
ca. 1924. Clay. Lost.




Nafnlaust, um 1924. Gifs. Glatað / Untitled,
ca. 1924. Plaster. Lost.

er hans formaða efni (myndin) langt frá
þessu takmarki sem nafnið bendir til.
Nafnlaus mynd gefur líka áhorfendum
ótakmarkað frelsi til að njóta myndar-
innar á sína visu. Nafn á mynd er sama
og nafn á bók, ekkert meira. Það gefur
ekki innihaldið. En líklega klíni ég nú
einhverju nafni á þessar hræður mínar
fyrir náungana heima. Getur verið að ég
taki nafnið úr okkar gömlu sögum
stundum, en þú ert vinur minn og þekk-
ir mitt sálargrey. Jú, þú skilur, þetta eru
engar sögumyndir eða söguhetjur upp-
stignar í efni, heldur aðeins mitt lítlia ég,
ekkert annað.³²

was in effect linked to the artist's transformation of reality. At an early stage, therefore, Sveinsson realized that artistic creation was not only a question of showing reality, but also no less a question of how to express and show it. At this point he became aware of two formal dimensions to the work of art. One was the hidden or uncontrollable composition (style) which expresses the artist's self (character):

"I can never provide you with any explanation of anything I have been tackling. And I shall never be able to in words. In the realm of sculpture, words are dead. I would prefer not to give any of my stuff



Líkan að veggskreytingu í bókasafn í Stokkhólmi, 1923. / Model for the Stockholm library mural, 1923.



Hluti af líkani að veggskreytingu í bókasafn í Stokkhólmi, 1923. / Detail of model for the Stockholm library mural, 1923.



Líkan að veggskreytingu fyrir hljóMLEIKAHÚS Stokkhólmi, 1926. / Model for the Stockholm concert hall mural, 1926.



Ímynd tónlistarinnar, 1925. / Image of Music, 1925.



Ímynd dansins, 1925. / Image of Dance, 1925.

Hins vegar og ekki síður er sú formgerð sem er afrakstur hugsunar og meðvitaðs vals listamannsins, og við getum samkvæmt skilgreiningu Rolands Barthes nefnt formskrift. Í verkinu *Kossinn* frá 1924, sem er einkennandi fyrir verk hans á þessum tíma, fjarlægist Ásmundur hefðbundna skólasýn akademíunnar og með hliðsjón af hugmyndum Milles tileinkar Ásmundur sér arkaísa formskrift, sem einkennist af aferandi massa, línuáherslu, smávægilegri afmyndun líkamans og formrænni einföldun á skrauti og smáatriðum.

Ásmundur Sveinsson hreifst enn fremur af hugmyndum Milles um að myndlistin ætti að fá stærri hlutdeild í borgarlandslaginu. Allt frá fyrstu námsárum sínum í Svíþjóð og alla tíð eftir að hann kom aftur til Íslands lagði Ásmundur áherslu á að setja list sína í tengsl við borgarlífið á margvislegan hátt, til dæmis með lágmyndum á opinberar byggingar, styttaum á opin svæði, höggmyndagarði umhverfis safn sitt. Í Morgunblaðinu haustið 1925 er grein um Ásmund þar sem hann tjáir sig um þessar hugmyndir í tengslum við listina:

Skoðun Ásmundar er sú, að listin eigi, frekar en nú gerist, að grípa inn í daglega lífið. Að það sje eigi heppilegasta leiðin að loka listaverkin inni á söfnunum, heldur hafa þau úti á strætum og gatnamótum, þar sem allir hljóta að sjá þau. Flest verk Ásmundar eru einnig gerð með þetta fyrir augum, og mörg þeirra t. d. ætluð til þess að vera gosbrunnar. Af sömu ástaðu vill hann fremur nota sænskan marmara en suðrænan. Það er að vísu erfidara að vinna hann, því hann er harðari, en svo þolir hann líka veðráttuna miklu betur. Ásmundur vill einnig nota listina, frekar en gert er, við skreytingu húsa að utan og innan, láta hana samtvinnast því „praktiska“, láta hana hafa húsaskjól annarstaðar en á söfnunum.³³

Líkt og fram hefur komið skiptu skólaárin í Svíþjóð sköpum fyrir listrænan þroska Ásmundar

titles, for I cannot produce anything except myself. It is my mental state that emerges in the material. Is this lofty or arrogant? No, I think anyone who chooses lofty titles (and beautiful explanations) for his works is putting himself on a higher horse, but perhaps his formed material, the work, is farther away from the aim that the title suggests. An untitled work also gives the spectator unlimited freedom to enjoy it in his own way. The title of a work of art is the same as the title of a book, nothing more. It provides no content. But I shall probably stick some title on these contraptions of mine anyway, for the folks back home. Perhaps I will take the occasional title from our old Sagas, but as my friend you know the state of my poor little soul. Yes, you understand that there are no Saga images or Saga heroes resurrected in the material, only my little ego, nothing else."³²

The other dimension, and no less important, was the composition which is the product of the artist's thought and conscious choice and can be called, using Barthes' definition, *écriture*. In *The Kiss* from 1924, which is typical of his work from this period, Sveinsson distances himself from the traditional academic approach and, with a view to Milles' ideas, he adopts an archaic *écriture*, characterized by decisive mass, linear emphasis, minor distortion of anatomy and formal simplification of decor and detail.

Ásmundur Sveinsson was also attracted by Milles' notions that art ought to be afforded a greater role in urban landscape. Ever since his first years of study in Sweden, Sveinsson was preoccupied by linking his art to urban life in a variety of ways (reliefs on public buildings, statues in open areas, the statue garden around his own studio/museum). An article in *Morgunbladid* on November 8, 1925, expresses Sveinsson's ideas about the presence of art:

"In Sveinsson's opinion, art ought to



Sæmundur á selnum, 1927. Gifs. Glatað. / Sæmundur on the Seal's Back, 1927. Plaster. Lost.

Sveinssonar. Undir leiðsögn myndhöggvarans Carls Milles hafnaði Ásmundur alfarið hugmyndum um að höggmyndin ætti að líkja eftir veruleikanum, og þess í stað setti hann fram spurningar um eðli og virkni listarinnar. Í framhaldi af því valdi hann formskrift sem kennd hefur verið við arkaísmá. Jafnvel má segja að öll hans fagurfræði þaðan í frá hafi byggst á þeim verkum sem hann skapaði á þessum tíma. Pannig leggur hann annars vegar áherslu á myndbygginguna, einingu og

intervene in daily life to a far greater extent than it does today. The most suitable approach, he says, is not to shut works of art away in museums; instead they should be out in the streets and on street corners, where everyone is sure to see them. Most of Sveinsson's works are designed with this role in mind and many of them are intended as, for example, fountains. For the same reason he prefers Swedish marble to the



Kona með amor, 1927. Gifs. / Woman with Amor, 1927.
Plaster.

samhljóm formanna, og hins vegar á það innsæi
að listin spretti bæði af sögunni, sem hefur yfir
að búa safni forma, og af einstaklingnum, sem
ákværðar stílinn.

Listnám í París 1926–29

Ásmundur Sveinsson og kona hans fóru frá
Stokkhólmi 7. maí 1926 og komu til Parísar
hinn 29. maí, eftir að hafa dvalið nokkra daga í
Kaupmannahöfn. Í sánsku blöðunum sem hann

Mediterranean variety. Admittedly it is more difficult to work in, being harder, but it also withstands the Icelandic weather much better. Sveinsson also wants to use art to a much greater extent for internal and external decoration of houses, coupling it with practical functions, giving it a home somewhere other than in museums."³³

His years at the Swedish Academy clearly had a decisive impact on Sveinsson's artistic maturity.

fann í París sá Ásmundur að hann hafði ekki hlotið verðlaun Listaháskólans í Stokkhólmi. Í skrifum hans frá þessum tíma má greinilega merkja biturleika og jafnvel þunglyndi.

Þar sem Ásmundur fann ekki vinnustofu fyrr en undir haust varði hann sumrinu til að heimsækja söfn og sýningar, kanna borgina og teikna, en kona hans hafði strax fengið vinnu við sauma. Um haustið fann Ásmundur loks vinnustofu í Arceuil við suðurmörk Parísa, en leigði hana aðeins til sex mánaða í þeirri von að finna annað húsnæði nær miðborginni. En þegar Ásmundur var rétt búinn að koma sér fyrir í nýju vinnustofunni veiktist hann af taugaveiki. Var hann rúmfastur í átta vikur (sex vikur á spítala og tvær vikur heima) og móttvana allan veturninn.

Það var ekki fyrr en í maí 1927, þegar Ásmundur hafði náð sér að mestu og endurheimt krafta sína, að hann fann vinnustofu í Montmartre-hverfinu, húsinu númer 16 við rue Constance. Frá þessum tíma er fjöldi verka sem vitna um að Ásmundur var enn afar leitandi í listinni. Bæði *Maður og kona*, sem seinni var nefnt *Nótt í París*, og *Sæmundur á selnum í nýrri útferslu* eru tilraunir til að nálgast raunveruleikann með formskrift kúbismans. *Kona með amor* er eins konar samruni á áhrifum frá Millés og Maillol. Og andlitsmyndunum af *Davíð Porvaldssyni* og *Eggerti Stefánssyni* svipar um margt til blæbrigðalausra portrettmynda Despiaus.

Hinn 12. janúar 1928 lagði Ásmundur ásamt konu sinni upp í ferðalag til Ítalíu og Grikklands til að skoða söfn og kirkjur. Var Ásmundur frá sér numinn að kynnast í sínu upprunalega umhverfi öllum þeim stórfenglegu listaverkum frá klassískum tíma sem Milles hafði dásamað og Ásmundur fram til þessa aðeins séð í bókum:

Petta var yndislegt ferðalag. Það er fyrir okkur sem fallegur draumur, en þrátt fyrir það þótti okkur gott að vera komin til Parísa aftur. Það er gott að vinna í París og nýja lífið er þar ríkt.³⁴

Under the guidance of Carl Milles he rejected outright all notions that art should imitate reality, and instead he questioned the nature and action of art, leading him to adopt an écriture identified with archaism. We can even say that his entire subsequent aesthetic was based on the works he created during this period. He emphasizes pictorial construction, unity and harmony of forms on the one hand, but on the other the insight that art must be derived from the narrative, which is a collection of forms, and from the individual who decides its style.

Studies in Paris 1926-1929

Ásmundur Sveinsson and his wife left Stockholm on May 7, 1926 and arrived in Paris on May 29 after spending several days in Copenhagen. In some Swedish newspapers which he saw in Paris, Sveinsson read that he had not won the Stockholm Academy prize, and a sense of bitterness and even depression can be discerned in his writings from this time.

Since he did not find a studio until after the summer, he spent the intervening period visiting museums and exhibitions, exploring the city and drawing, but his wife found work immediately as a seamstress. In the autumn he finally found a studio in the southern quarter of Arceuil, which he rented for only six months in the hope of finding somewhere closer to the centre. But when he had just moved into the new studio he contracted typhoid which confined him to bed for eight weeks (six in hospital and two at home), and he was physically weak for the whole winter.

It was not until May 1927, after he had largely recuperated from his illness, that he found a studio in Monmartre, at 16 rue Constance. A large number of works from this time show that Sveinsson was still very much searching in his art. *Man and Woman*, later titled *Night in Paris*, and a new version of *Sæmundur on the Seal's Back*, are both attempts to approach reality through cubist écriture. *Woman with Amor* is a kind of fusion of influences from Milles and Maillol. And his por-

Í apríl 1928 leigði Ásmundur svo vinnustofu í númer 117 við rue Vaugirard. Í maí innritaðist hann í nokkrar vikur í Académie scandinave í tíma hjá Despiau og í júní flutti hann sig yfir til Académie Julien til að læra klassíská myndmótun. Af öllum verkum sínum þar varðveitti hann eingöngu *Negrann*, einfalda anatómfustúdiú og gott dæmi um natúralíkska myndgerð.

„Þetta er ljósmyndun,“ sagði hann [Ásmundur]. Ég gerði þessa stytta að gamni mínu í París til að æfa mig á sem flestum fyrirmundum. Þú sérd að svertinginn er ekkert nema blökkumaður. Þar stóðst ég ekki líkninganautnina. Þetta var góð æfing, góður skóli. Og nauðsynlegur. Það er gott að kynnast sjálfum sér, komast að raun um hvað maður getur. En á tímum Milles var svona fótografisk list skammaryrði. Þegar ég gerði svertingjann á Académie Julien, áttum við að eyðileggja myndirnar og skila leirnum að loknu verki, en ég fór með hann heim um kvöldið, gerði móti honum um nöttina og skilaði leirnum næsta morgun.³⁵

Haustið 1928 (september–október) tók Ásmundur þátt í haustsýningunni í París (Salon d'Automne) þar sem hann sýndi kúbísku útgáfu af *Sæmundi á selnum*. Gagnrýndur og blaðamenn tóku eftir verkinu og skrifuðu lof-samlega um það bæði í blöð og tímarit. Gagnrýndi „La Revue moderne“ segir meðal annars þetta um Ásmund í grein um nýlegar sýningar í París:

Það sem einkennir list Ásmundar Sveinssonar er sem sé þessi tvíhlida þróun í átti að fagurfræði hugsunarinnar, og einnig þessi blanda af stórbrotnum tilfinningahita og áhrifum frá klassískri menningu. Hér við bætist kraftur listamanns sem ekki vill líkja eftir verkum fortíðarinnar, listamanns sem vissulega virðir gildi klassíkurinnar og beygir sig jafnvæl undir reglur hennar, en veit að

traits of David Thorvaldsson and Eggert Stefánsson resemble Despiau's portraits in many ways.

On January 12, 1928, Sveinsson and his wife set off to Italy and Greece on a tour of museums and exhibitions. He was enraptured at the sight, in their original environment, of all the magnificent classical works of art so admired by Milles, which he only knew from books until then.

“It was a wonderful journey. To us it seems like a beautiful dream, but we were still pleased to get back to Paris. Paris is a good place to work and we have a rich new life there.”³⁴

In April 1928 he rented a studio at 117 rue Vaugirard. In May he enrolled for a few weeks with Despiau at L'Academie Scandinave and in June he moved to L'Academie Julien to study classical modelling. Of all the works that he made there, he kept only the *Negro*, a simple anatomical study, as a good example of naturalist composition.

“It's photography,” he [Ásmundur] said. ‘I made this statue for fun in Paris, to practise as many models as possible. You can see that the negro is nothing but a black man. I could not resist the simile. It was a good exercise, good schooling. And necessary. It's good to get to know yourself, to discover what you are capable of. In Milles' day, photography was a term of abuse. When I did the *Negro* at the Academie Julien, we were supposed to destroy the works and return the claim at the end of the project, but I took mine home that evening, made a cast of it that night and returned the clay the following morning.’³⁵

In autumn (September–October) 1928, Ásmundur Sveinsson took part in the Paris Salon d'Automne where he showed a cubist version of *Sæmundur on the Seal's Back*. The work was noticed by critics and journalists, who praised it in newspaper and magazine reviews:



Nótt í Paris, 1927. Leir. / Night in Paris, 1927. Clay.

listin lifir með tímanum og breytist einig með tímanum. Enginn [þeirra sem verk áttu á sýningunni] hefur skilið anda nútímans betur en Ásmundur Sveinsson. Fáir túlka hann með meiri þrótti og upphafnari tilfinningu.³⁶

Gagnrýnandi „Paris-Midi“ slær á léttari strengi í grein um viðburði vikunnar í listalifinu:

Síðast en ekki síst skal getið Ásmundar Sveinssonar, sem stílfærir nakinn karlmann i verkinu Íslenskt sagnaminni. Undir meitli myndhögvarans hafa naflinn og ýmsir aðrir partar karllíkamans

“Ásmundur Sveinsson's art is therefore characterized by this twin progression of the sculpture towards the aesthetic of thought, and the mixture of ethnic temperament and classical culture. Add to this the vigour of an artist who shunned imitation of the past, yet by recognizing and sustaining the value of the classical could feel that art lives with time and is modified by it. No one has better understood than Sveinsson the sense of the modern spirit. Few have expressed it more forcefully or with such exalted feeling.”³⁶

“We save until last M. Sveinsson, who



Dr. Björg Blöndal, 1928–29. Gifs. /
Dr. Björg Blöndal, 1928–29. Plaster.



Eggert Stefánsson, 1927. Gifs. / Eggert
Stefánsson, 1927. Plaster.



Davið Þorvaldsson, 1927. Gifs. / David
Thorvaldsson, 1927. Plaster.

verið formaðir á afar sérstæðan hátt — sem eflaust vekur forvitni kvengesta á sýningunni, jafnvel hinna veraldarvönu-
stu í þeirra hópi.³⁷

Veturinn 1928–29 hélt Ásmundur áfram að vinna í vinnustofunni við Vaugirard-götu, og skapar þar fjölda verka sem þó eru allsundurleit að formi til. Þar á meðal eru tvær andlitsmyndir af Gunnfríði konu hans og Björgu Blöndal sál- fræðingi sem búsett var í París á þessum árum. Báðar bera þessar myndir með sér þokkafullt látléysi verka Despiaus. Annað verk, sem Ásmundur nefnir fyrst *Gamla íslenska hetju* en síðar

stylizes a nude male in his Icelandic legend. The navel and other objects, through the sculptor's touch, have assumed a highly distinctive form. It will arouse the curiosity of even the most blasé of visitors."³⁷

In the winter of 1928-1929, he continued to work in the studio on rue Vaugirard, producing a large number of works which nonetheless differ widely from a formal point of view. These include two portraits, of his wife *Gunnfríður* and *Björg Blöndal*, a psychologist who lived in Paris at the time. Both works convey the alluring modesty of



Pórbergur Þórdarson, 1925–26. Leir. /
Thórbergur Thórdarson, 1925–26. Clay.



Gunnfríður Jónsdóttir, 1928–29. Gifs. /
Gunnfridur Jónsdóttir, 1928–29. Plaster.

Viking, er furðuleg blanda af klassískum reglum og kúbískum áherslum.

Á Vorsýningunni í París árið 1929, sem stóð frá 1. maí til 30. júní, sýndi Ásmundur fjögur verk, andlitsmyndirnar af Gunnfríði og Björgu, *Negrann* og *Gömlu íslensku hetjuna* og krækir sér enn og aftur í nokkrar hvatningarlínur frá gagnrýnendum, í „Le Journal“ 1. maí og „Le Temps“ 9. maí.

Mánuði síðar tekur Ásmundur þá ákvörðun að flytja alfarinn heim til Íslands þar sem hann vonast meðal annars eftir því að geta tekið þátt í undirbúningi Alþingishátiðarinnar 1930. Meginástæðan fyrir heimförinni er þó fjárhagsleg því

Despiau. Another work, initially titled *Ancient Icelandic Hero* but later renamed *Viking*, is a peculiar hybrid of classical rules and cubic emphases.

At the 1929 Paris spring exhibition which lasted from May 1 to June 30, Sveinsson showed four works: the portraits of *Gunnfridur* and *Björg Blöndal*, the *Negro* and *Ancient Icelandic Hero*, picking up once again several encouraging lines from critics in *Le Journal* (May 1) and *Le Temps* (May 9).

A month later, he decided to move back to Iceland for good, partly in the hope of being able to take part in the preparations for the Millennium celebrations (to mark the establish-

það kemur greinilega fram í skrifum hans og minningum að hann átti góða tíma í París:

Okkur hefur líkað ágætlega við Frakka og kunnum vel við okkur í París, en peningavandræði reka okkur heim. Og það lítur út fyrir að Frökkum líst vel á mínar myndir.³⁸

I augum Ásmundar var Parisardvölín lærðómsríkur tími, ekki síst fyrir hugarflug hans og listræna sköpun og vegna hins félagslega umhverfis. Hið eiginlega listnám hjá þekktum lærimeisturum á borð við Despiau virðist hafa skipt hann minna máli:

En þegar ég lít til baka yfir skólaárin, voru það ekki kennararnir sem úrslitum réðu, heldur félagslífið. Skólasystkinin og þetta þprungna andrúm alls kyns forma, tilrauna og sköpunar.³⁹

Bótt nokkuð hefði dregið úr hinni feikilegu listrænu gerjun eftir fyrri heimstyrjöldina, sem einkenndi hvað mest fyrsta áratuginn þegar fram spruttu listrænar upfinningar og plastískar lausnir kenndar við fávisma, kúbisma, Parisarskólann, fúturisma, abstraktlist og svo framvegis, þá var París áfram sterkt aðdráttarafl fyrir framúrskarandi listamenn sem hvaðanæva sóttu þangað listræna örvun til að vinna að listsköpun sinni. Fyrir Ásmund, sem þekkti aðeins til hófsemi sánska listalífsins, var þetta umhverfi hressileg hvatning.

Á þessum árum kynntist Ásmundur fjölpættum formrænum möguleikum og sá að hann gat valið milli ólíkra myndgerða. Smám saman fjarlægðist hann því áhrifavalda Milles og hóf tilraunir með ýmsar ólíkar formskriftir.

Líta má á verkið *Kona með amor* frá 1927 sem ávoxt tveggja áhrifavalda. Þrátt fyrir fornklassískan enduróm, sem Ásmundur fékk í arf frá Milles, er hin ríkjandi plastískra hugmynd ættuð frá Maillol: sama áhersla á grundvallarfrumdrætti líkamans, sama þyngdin, sama sjálfstæði massans og formanna, sama áferðin á sléttum og ávolum flötum. Hinar fjölmörgu andlits-

ment of the old parliament, the Althing) in 1930. The main reason for his return, however, was financial, because it is obvious from his writings and recollections that he enjoyed his time in Paris.

"We liked the French and have enjoyed ourselves in Paris, but are being driven home by money problems; the French seem to take a favourable view of my works."³⁸

Ásmundur Sveinsson regarded his stay in Paris as an instructive time, particularly for his imagination and creativity and the social milieu, but rather less in terms of his studies with well known masters such as Despiau.

"When I look back over my years at college, it was not the teachers who had a decisive impact, but rather the social life. My fellow students and the atmosphere charged with all kinds of forms, experiments and creation."³⁹

